

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Vesturbyggð.

1. gr.

Af hundum í Vesturbyggð utan lögbýla skal innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald nr. 567/1997.

2. gr.

Við leyfisveitingu hunda skal innheimta gjald sem hér segir og er það jafnframt árgjald það árið:

| | |
|-------------------------------------|------------|
| Fyrsta leyfisveiting | 14.100 kr. |
| Leyfisveiting eftir útrunninn frest | 18.350 kr. |
| Bráðabirgðaleyfi | 4.970 kr. |

3. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlega eftirlitsgjald sem hér segir:

| | |
|-------------|------------|
| Einn hundur | 11.350 kr. |
|-------------|------------|

4. gr.

Greiðslur vegna trygginga og árleg hundahreinsun eru innifaldar í leyfisgjaldi.

5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

| | |
|----------------------------------|------------|
| Fyrsta afhending hunds | 12.660 kr. |
| Önnur afhending hunds | 25.400 kr. |
| Þriðja afhending hunds | 25.400 kr. |
| Fyrsta afhending hunds án leyfis | 29.650 kr. |

Óheimilt er að afhenda hunda án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferða handsamaðs hunds.

6. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

7. gr.

Undanþegnir leyfisgjaldi eru leitarhundar björgunarsveita og hjálparhundar fatlaðra og skal ljósrit af viðurkenningu um þjálfun þeirra afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

8. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Vesturbyggðar, er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um hundahald í Vesturbyggð nr. 635 frá 2. júlí 2012. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1172/2015 fyrir hundahald í Vesturbyggð.

Vesturbyggð, 8. desember 2016.

Friðbjörg Matthíasdóttir bæjarstjóri.